



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg b.t. borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2023

Tilv.: IRN23010113/4.11.1

Efni: Fjárhagsáætlun 2023

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 uppfyllir sveitarfélagið ekki öll lágmarksviðmið eftirlitsnefndar fyrir A-hluta samkvæmt neðangreindri töflu.

#### Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárhlutfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%

Í töflunni fyrir neðan má sjá rekstrarniðurstöðu, framlegð og veltufé frá rekstri fyrir sveitarfélagið samkvæmt fjárhagsáætlun 2023, ásamt lágmarksviðmiði EFS miðað við nettó skuldir í hlutfalli við tekjur.

A-hluti	Nettó skuldir sem hlutfalli af tekjum	Rekstrar- niðurstaða	Framlegð		Veltufé frá rekstri	
			Lágmarks- viðmið	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023	Lágmarks- viðmið	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023
Sveitarfélag	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023	Lágmarks- viðmið	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023	Lágmarks- viðmið	Samkvæmt fjárhags- áætlun 2023
Reykjavíkurborg	92,9%	-3,7%	9,3%	3,5%	4,6%	2,4%

Þrátt fyrir bráðbirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og skal gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir

fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná framangreindum lágmarksviðmiðum. Sveitarstjórn er jafnframt hvött til að hafa samband við eftirlitsnefnd óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Eftirlitsnefndin óskar eftir að bréfið verði lagt fyrir í sveitarstjórn til afgreiðslu.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson  
formaður

Gústav Aron Gústavsson

## UMSÖGN

**Til: Borgarráðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

### **Efni: Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2023**

Þann 1. mars sl. barst Reykjavíkurborg bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) vegna fjárhagsáætlunar 2023. Um er að ræða bréf sem sent er á sveitarfélög sem uppfylla ekki lágmarksviðmið EFS. Tilgangur bréfsins er að benda sveitarstjórn á að þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025, þurfi árið 2026 að uppfylla framangreind skilyrði.

Í bréfinu kemur fram að samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 eru þrjár kennitölur hjá A-hluta Reykjavíkurborgar undir lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndar. Þetta eru *framlegð í hlutfalli af tekjum, rekstrarniðurstaða og veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum*. Árið 2023 er lágmarksviðmið EFS vegna framlegðar 9,3% í hlutfalli af tekjum en verður samkvæmt áætlun Reykjavíkurborgar 3,5%. Veltufé frá rekstri skal skv. lágmarksviðmiði EFS vera 4,6% í hlutfalli af tekjum en er áætlað 2,4%. Að lokum er rekstrarniðurstaðan áætluð neikvæð um 3,7% í hlutfalli af tekjum en ætti að vera jákvæð skv. viðmiðum EFS.

Yfirlit yfir lykiltölur sem EFS tekur mið af við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga er að finna í 15. gr. reglugerðar 502/2012. Fram kemur að við skoðun lykiltalna skv. greininni skuli nefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Fram kemur að EFS getur sett nánari vinnureglur um útreikning lykiltalna og samanburð þeirra við viðmið skv. 6. gr. reglugerðarinnar, þ.e. að:

- a. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla).
- b. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniaðferðum sem lýst er í IV.kafli reglugerðar þessarar (skuldaregla).

Ljóst er að rekstrarumhverfi sveitarfélaga er krefjandi um þessar mundir sem má einkum rekja til óstöðugleika í efnahagsumhverfinu og vanfjármögnunar verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga á umliðnum árum og áratug, annars vegar með lagasetningu og hins vegar með niðurlagningu þjónustuúrræða af hálfu ríkisins.

Umtalsverðar vendingar voru í ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar á árinu 2022. Heimsfaraldur kórónaveiru leið hjá um tveimur árum eftir að hann hófst í mars árið 2020 með þungri bylgju í upphafi árs sem fól í sér tímabundið álag á rekstur borgarinnar. Viðsnúningur

varð á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi hjaðnaði hratt og er nú lægra en fyrir faraldurinn. Áhrifin af stríðinu í Úkraínu hafa verið mikil á hagkerfi heimsins og verðbólga jókst hratt í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands á síðasta ári. Vegna verðhækkana á húsnæðismarkaði, hárrar verðbólgu og þenslu í hagkerfinu hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti jafnt og þétt á árinu 2022. Stýrivextir voru 6% í lok ársins og höfðu hækkað um 4% frá því í ársbyrjun þegar þeir stóðu í 2%. Þessi staða var farin að hafa áhrif á uppgjör borgarinnar um mitt síðasta ár.

Reykjavíkurborg greip til ráðstafana þegar í byrjun september 2022 og samþykkti í borgarráði aðgerðir til að takast á við halla í rekstri og önnur áhrif erfiðra skilyrða í ytra efnahagsumhverfi. Brugðist var við með samdrætti í fjárfestingum og dregið úr lántökupörf. Gjaldskrár voru leiðréttar og hækkaðar í ljósi aukinnar verðbólgu. Þá voru settar samræmdar reglur um ráðningar til að gæta aðhalds á því sviði. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023-2027 sem samþykkt var í borgarstjórn 6. des. sl. tekur með sama hætti mið af erfiðri stöðu. Fjárfestingar voru dregnar saman miðað við fyrri áætlanir og umtalsverðar hagræðingaraðgerðir kynntar.

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027, sem samþykkt var samhliða fjárhagsáætlun, var undirbúin með hliðsjón af fjárhagslega stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélag til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar. Ýtarlegar upplýsingar um Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og forsendur fjárhagsáætlunar er að finna í gögnum fjárhagsáætlunar á [heimasiðu Reykjavíkurborgar](#).

Seðlabanki Íslands hefur haldið áfram að hækka stýrivexti það sem af er þessu ári, þar sem ekki hefur tekist að ná niður verðbólgunni og standa þeir nú í 7,5%. Fjárfestingar ársins 2022 voru fjármagnaðar annars vegar með útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 16 ma.kr. og hins vegar með lánamma til 15 ára við Landsbanka Íslands að fjárhæð 6 ma.kr. Reykjavíkurborg áætla að fjármagna fjárfestingar ársins 2023 með lántökum allt að 21 milljarði króna. Gert er ráð fyrir að lántakan fari fram með útgáfu skuldabréfa á skuldabréfamarkaði, með beinni lántöku eða með öðrum hætti til að mæta fjárpörf borgarsjóðs á hverjum tíma. Reykjavíkurborg hefur þegar tryggt tæplega helming af áætlaðri lántöku ársins 2023. Annars vegar með útgáfu skuldabréfa sem nemur 4,1 ma.kr. það sem af er ári og hins vegar með samningi við Íslandsbanka um 6 ma.kr. langtímalán, en á það hafa þegar verið dregnir 3 ma.kr.

EFS leggur áherslu á það í bréfi sínu við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná lágmarksviðmiðum nefndarinnar. Í nýsamþykktu Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar eru sett markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma, ásamt mælikvörðum sem snúa annars vegar að A-hluta og hins vegar að A- og B-hluta. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

### A-hluti

1. Rekstramiðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2026.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstramiðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -5.991	🟡 2.166	✔ 6.035	✔ 7.067	✔ 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 86%	✘ 82%	🟡 81%	✔ 80%	✔ 80%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	✔ 7,6%	✔ 7,8%	✔ 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ 0,4	✘ 0,7	✔ 1,1	✔ 1,1	✔ 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	🟡 83%	🟡 80%	✔ 65%	✔ 64%	✔ 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	✔ 85%	✔ 85%	✔ 86%	✔ 84%	✔ 79%

### Samstæða – A- og B-hluti

1. Jafnvægisviðmið samstæðu sé jákvætt.
2. Skuldaviðmið samstæðu verði ekki hærra en 150% frá og með 2027.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Þriggja ára jafnvægisviðmið	> 0	✔ 39.325	✔ 44.040	✔ 57.583	✔ 69.745	✔ 49.628
2	Skuldaviðmið fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	✔ 141%	✔ 146%	🟡 152%	✘ 151%	✔ 141%

Fjármálastefnan byggir á grunngildum borgarinnar um *sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi* sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga. Markmið fjármálastefnunnar byggja m.a. á lágmarksviðmiðum EFS og í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að nánast öll markmið fjármálastefnunnar verði uppfyllt frá og með árinu 2026.



Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs